

Samfélagsstefna

Landsbankinn ætlar að hafa forystu um að byggja upp velferð til framtíðar í íslensku samfélagi. Landsbankinn vill tryggja ávinning af rekstri sínum fyrir bæði samfélagið og hluthafa með því að flétta efnahags-, samfélags- og umhverfismálum saman við starfshætti bankans.

Þetta gerir Landsbankinn með því að byggja upp trausta innviði og öfluga liðsheild, hlusta á viðskiptavinum sína og virða og hvetja starfsmenn til virkrar þátttöku í samfélaginu. Landsbankinn á að vera traustur samstarfsaðili og álitlegur fjárfestingakostur sem skilar eigendum ásættanlegri arðsemi og ávinningi til samfélagsins.

Stefnan skal vera komin að fullu til framkvæmda eigi síðar en árið 2015. Til að ná þessu markmiði hefur Landsbankinn greint og markað sér stefnu í fimm megin málaflokkum til að innleiða samfélagslega ábyrgð í bankanum.

Málaflokkarnir eru:

- Viðskiptavinurinn
- Mannauður
- Samskipti við birgja og sala eigna
- Stuðningur við samfélagið
- Umhverfismál

Við innleiðingu á stefnu ofangreindra málaflokka skal taka mið af grunnreglum samfélagslegrar ábyrgðar eins og þeim er lýst í leiðbeiningum alþjóða staðlaráðsins (ISO 26000) og viðmiðum Global Compact verkefnis Saminuðu þjóðanna.

